Skóla-akur

Vefrit um skólamál 17. tbl. 9. árg. 10. desember 2015

Myndir augnabliksins eru frá laufabrauðsgerð á leikskólanum Sunnubóli.

Að mega njóta gáskafullrar og gleðiríkrar barnæsku.

Kæra samferðafólk,

aðventan er tími barnanna. Í margskiptum fjölskyldum þar sem mömmur og fósturmömmur, pabbar og stjúppabbar, nýjar ömmur og afar, ný systkin og mörg heimili koma við sögu, getur lífið verið flókið fyrir litla sál. Það getur verið vandasamt fyrir barn að fóta sig í svo flóknu fjölskylduformi. Það er því ekki úr vegi að minna á mikilvægi þess að fara yfir alla frumskóga ósættis og erja, ósamlyndis og reiði, þegar skipuleggja á jólahátíðina fyrir börnin. Þá þurfa foreldrar, já allir þessir foreldrar, fósturforeldrar, stjúpforeldrar eða hvað þetta allt saman nú heitir, að axla ábyrgð í foreldrahlutverkinu. Það er þá sem foreldrahlutverkið er hvað mikilvægast. Að sýna þann þroska að muna að setja börnin í fyrsta sæti. Að leyfa þeim að njóta gáskafullrar og gleðiríkrar barnæsku. Skipuleggja hluti þannig að barnið þurfi ekki að vera með kvíðahnút í maga yfir því hvernig öllu verði fyrir komið.
Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur á Íslandi þann 20. febrúar árið 2013 stendur m.a: Börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og bera foreldrar höfuðábyrgð á lífsskilyrðum og framfærslu barna sinna.
Fyrir nokkrum árum kom út skýrsla á vegum Félags- og tryggingaráðuneytis um stöðu barna á Íslandi. Þar kemur margt athyglisvert fram, m.a. að þriðja hvert skráð parasamband á Íslandi leysist upp og innan árs eru 25% einstaklinganna komnir í samband aftur. Fyrirkomulag sambúðarforma er talið eiga eftir að breytast enn frekar og það fest í lög. Þróunin hefur orðið sú og samkvæmt rannsókn sem rakin er í þessari skýrslu geta flókin fjölskyldumynstur haft mikil varanleg áhrif á börn til hins verra sé hagsmuna þeirra ekki gætt.
Þar segir einnig:
Það er hinn innsti kjarni, nánu tengslin í lífi hvers barns og hverrar frumsamskiptaeiningar sem standa þarf vörð um þannig að hvert barn sé útbúið með innra „akkeri“ sem gerir því kleift að sigla keik, laus og liðug um hið úfna ölduhaf hins fljótandi samtíma, án þess að tapa sálu sinni eða villast af leið.

Kæru vinir. Við skulum biðja fyrir barnæsku allra barna og gera það sem í okkar valdi stendur til að hvert barn megi njóta barnæsku sinnar: tært, fallegt og næmt án þess að þurfa um of að hafa áhyggjur af lífi okkar fullorðna fólksins. Það er víst nægur tími til.

Kærar þakkir fyrir hversu vel þið hafið öll tekið mér í starfi mínu sem fræðslustjóri á þessu fyrsta starfsári mínu.
Ó, Jesú bróðir besti
og barnavinur mesti
æ, breið þú blessun þína
á barnæskuna mína.

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.

Soffía Vagnsdóttir

Fræðslustjóri Akureyrarbæjar

Beðið eftir jólunum.

Gaman er að skoða heimasíður skólanna á aðventunni og þar má sjá ýmislegt skemmtilegt sem börnin gera til að sytta stundirnar fram að jólum og njóta aðventunnar í rólegheitum. Hér má sjá piparkökubakstur á Hulduheimum - Koti en þar voru bakaðar piparkökur sem afi og amma koma svo að mála með börnunum.

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Hljóðfærakynning í 3. bekk Síðuskóla.

Jakub Kolosowski og Gert-Ott, kennarar frá Tónlistarskólanum á Akureyri, komu í heimsókn og kynntu tréblásturshljóðfæri og fengu nemendur fræðslu um hljóðfærin og fengu einnig að prófa að blása í klarinett og saxofón. Þeir félagar munu einnig koma og heimsækja 4. bekk. Hér má sjá myndir frá þessari skemmtilegu heimsókn.

Hour of code – klukkustund kóðunar.

Oddeyrarskóli tekur þessa vikuna þátt í alþjóðlegu verkefni í forritun sem gengur undir nafninu The Hour of code, eða klukkustund kóðunar. Þátttakendur verkefnisins eru úr öllum heiminum, frá amk. 180 löndum. Kristín Bergþóra Jónsdóttir og Margrét Aðalgeirsdóttir halda utan um verkefnið hér í Oddeyrarskóla. The Hour of Code er klukkustundar kynning á tölvunarfræði sem ætlað er að sýna fólki fram á að hver sem er getur lært grunnatriði forritunar. Verkefnið er talið henta fólki á aldrinum 4-104 ára.

Nemendur á miðstigi Oddeyrarskóla riðu á vaðið á mánudaginn og fór verkefnið afskaplega vel af stað. Öllum nemendum skólans verður gert kleift að taka þátt í verkefninu

Sumarlokanir leikskóla.

Skólanefnd Akureyrarbæjar hefur staðfest sumarlokanir leikskóla fyrir sumarið 2016. Hver skóli er lokaður í 20 virka daga.

27. júní - 22. júlí: Lundarsel - Krógaból - Hlíðaból - Kiðagil
4. júlí - 29. júlí: Naustatjörn - Hulduheimar - Sunnuból (síðasti starfsdagur Sunnubóls er 30. júní)
11. júlí - 8. ágúst: Iðavöllur - Pálmholt - Hólmasól - Tröllaborgir

Hugleiðsla í Hríseyjarskóla.

Í nóvember var byrjað að vinna þema tengdu sjálfsmynd nemenda og val hugsana samfara því að vinna með slökun og hugleiðslu. Notuð er bók sem heitir Hugarfrelsi en Dóra Guðmundsdóttir og Hrund Teitsdóttir kennarar fóru á námskeið í aðferðinni. Aðferðin leggur áherslu á góða og djúpa öndun, slökun, hugleiðslu og sjálfstyrkingu. Tekið er á ýmsum atriðum tengdum kvíða og vanlíðan barna. Markmiðið með þessari leið er að auka vellíðan og að jákvæðar hugsanir verði oftar fyrir valinu. Þannig styrkist sjálfsmynd barnanna og nemendur finna frekar til samkenndar í stað samkeppni. Í foreldrakaffi á dögunum var foreldrum og gestum komið á óvart með því að bjóða upp á hugleiðslu. Sögð var sagan Kofinn úr bókinni Hugarfrelsi en sagan fjallar um gönguferð um fallegan dal. Í sögunni er gengið yfir steina sem tákna hindranir sem verða á vegi barnsins og það sem þarf að yfirstíga. Ræturnar eru jarðtengingin sem hugurinn vill ná stjórn á t.d. þegar kvíði, ótti og áhyggjur gera vart við sig. Kofinn er myndbirting af því hvernig barnið sér sjálft sig en sú sýn getur verið breytileg eftir dagsformi. Þetta kom gestum mjög á óvart en allir voru sammála um að þeir hefðu notið stundarinnar. Þetta er virkilega skemmtileg vinna og er ætlunin að vinna betur með þetta og val á viðhorfum. Kennarar og starfsfólk finna nú þegar að þessi leið ásamt verkefnum er að hafa góð áhrif á líðan barnanna.

Þemadagur í Naustaskóla.

Miðvikudaginn 9. desember var hefðbundinni stundaskrá hent út í horn og nemendur unnu að hinum ýmsu viðfangsefnum á margvíslegum stöðvum. Unnið var hálftíma á hverri stöð en nemendur máttu sjálfir velja sér stöðvar/viðfangsefni hverju sinni. Foreldrafélagið bauð svo upp á kakó í nestistímanum, 10. bekkur seldi skúffukökur og allt saman gekk þetta eins og best var á kosið.

Síðasti Skóla akur fyrir jól.

Sendum öllum starfsmönnum skólanna og lesendum Skóla akurs bestu jóla og nýársóskir og þakkir til allra sem aðstoðað hafa við efni í blaðið og prófarkalestur. Einnig eru lesendur hvattir til að senda inn efni ásamt myndum frá verkefnum og starfinu í skólunum.

Næsti Skóla-akur kemur 14. janúar 2016.